

Sveitarfélagið Ölfus
b.t. Gunnlaugs Jónassonar skipulagsfulltrúa
Hafnarbergi 1
815 ÞORLÁKSHÖFN

Garðabær, 10. febrúar 2022
Tilvísun: 202201-0061
SS/IAS/LA

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um kortlagningu vega í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 19. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um kortlagningu á vegum í sveitarfélaginu en samkvæmt 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 ber sveitarfélögum að gera skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil í aðalskipulagi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér kortið sem fylgdi umsagnarbeiðninni. Ekki fylgdi skrá yfir vegina né útskýringar á flokkun þeirra eða hvers vegna þeir séu tilgreindir í skráningunni.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að taka tillit til náttúruverndargildis svæða þegar ákvörðun er tekin um hvort að umferð vélknúinna ökutækja sé leyfileg eða ekki. Í einhverjum tilfellum gæti verið ástæða til að banna akstur og þar með loka slóðum sem mögulega hafa myndast. Við mat á náttúruverndargildi þessara svæða þarf m.a. að taka tillit til verndarstöðu (hvort svæðið sé innan marka friðlýsts svæðis, svæðis innan C-hluta náttúruminjaskrár, svæðis sem fellur undir 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka verndun, hverfisverndarsvæðis, vatnsverndarsvæðis o.s.frv.), hvort vegstæðið raski jarðminjum með hátt verndargildi, hvort vegstæðið raski vistgerðum með hátt verndargildi eða búsvæðum fugla og hvort vegstæðið raski landslagsheildum eða ásýnd svæða.

Ljóst er að mikið af þeim vegum sem skráðir eru á kortið eru mikilvægir vegir, stofnvegir og tengivegir sem eru í mikilli notkun. Þar fyrir utan eru slóðar sem geta haft mismunandi hlutverk og sem flokkaðir eru í greiðfæra, seinfæra og torfæra. Náttúrufræðistofnun leit fyrst og fremst á þessa slóða við gerð þessarar umsagnar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er allmargir skilgreindir slóðar sem stofnunin telur að ætti að loka þar sem þeir liggja um viðkvæm náttúrusvæði með hátt verndargildi og raska þar ásýnd landslags og beina umferð að viðkvæmum jarðminjum eða vistgerðum. Það á við um eftirfarandi:



1. Torfær slóði inn í Hengladali ætti einungis að vera opinn þeim sem þurfa aðgengi að mannvirkjum. Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt Hengladali fyrir B-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðhitavistgerða með hátt verndargildi.



2. Torfær slóði upp að útsýnisstað við Klambragil ætti ekki að vera opinn fyrir umferð nema í neyð og fyrst og fremst nýttast sem gönguleið.



3. Torfær slóði sem liggur á vestanverðu Núpafjalli suður frá Þjóðvegi og meðfram Hellisheiðarhrauni. Loka ætti þessum slóða fyrir almennri umferð til að draga úr raski á nágrenni hraunsins.



4. Torfær slóði sem þverar Orustuhólshraun á Hellisheiði hefur ekki skýrt hlutverk annað en að vera viðbótarleið að virkjunarmannvirkjum Hellisheiðarvirkjunar. Mikið er af slóðum á Hellisheiði sem raska hrauni og hefur mikil ásýndaráhrif á landslag. Loka ætti þessum slóða og einungis nota í neyð.



5. Að mati Náttúrufræðistofnunar er óþarfi að skilgreina alla þesa búta sem liggja að línuveginum sem vegi og hægt væri að loka mörgum þeirra til að draga úr raski á hrauni.



6. Torfær slóði sem liggur meðfram Blákolli að sunnanverðu að Ólafsskarði er í jaðri sögulegra hrauna – Leitahrauns og Svínahraunsbruna og í nágrenni Nyrðri-Eldborgar. Vegna verndargildis jarðminja á svæðinu ætti að loka þessum slóða.




7. Seinfær slóði sem liggur suður fyrir Litla Meitil, upp á Eldborg undir Meitlum að hluta og í norður um Lágaskarð í norður að Þjóðveginum við Hveradali. Slóðinn er mjög seinfær og því ekki mikilvægur tengivegur. Hann liggur um svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, í gegnum viðkvæmt hraunasvæði og hefur nú þegar valdið raski á merkum náttúruminum, einkum Eldborg undir Meitlum. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að loka slóðanum vegna verndargildis náttúruminja og landslags sem hann liggur um.



8. Torfærir slóðar kringum Geitafell liggja um hraun sem nýtur verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Loka ætti slóðunum til að minnka rask á hrauninu og draga úr ásýndaráhrifum.



9. Torfærir slóðar undir Herdísarvíkurfjalli liggja yfir nútímahraun og hafa engan sýnilegan tilgang. Loka ætti slóðunum til að draga úr raski og ásýndaráhrifum.



10. Torfær slóði sunnan við Hlíðarvatn hefur ekki augljósan tilgang og veldur óþarfa raski í nágrenni vatnsins sem er á C-hluta náttúruminjaskrár.



11. Torfær slóði vestan Þorlákshafnar sem liggur gegnum hraunsvæði nálægt hafi langleiðina vestur að Selvogi og ætti frekar að vera skilgreind gönguleið frekar en akfær slóði.



12. Torfær slóði vestan Hlíðarendafjalls fer í gegnum nútímahraun og ætti að loka slóðanum sem virðist vera mjög lítið notaður.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands